

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Hringrás Reykjavík



|                            |                        |                         |                         |
|----------------------------|------------------------|-------------------------|-------------------------|
| <b>Dags eftirlits</b>      | 4.12.2012              | <b>Fulltrúi UST</b>     | Valur Klemensson        |
| <b>Fyrirtæki</b>           | Hringrás               | <b>Fulltrúi UST</b>     | Gunnlaug Einarsdóttir   |
| <b>Heimili</b>             | Klettagördum,          | <b>Tegund eftirlits</b> | Reglubundið             |
| <b>Kennitala</b>           | 4205981319             | <b>Flokkur</b>          | Úrgangur og efnamóttaka |
| <b>Fulltrúi fyrirtækis</b> | Ásmundur Einarsson     | <b>ÍSAT nr.</b>         | 51.57.02                |
| <b>Fulltrúi fyrirtækis</b> | Jóhann Karl Sigurðsson | <b>Staðsetning</b>      | 360615,942 408599,18    |

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik var staðfest við eftirlit en merkingum á ílátum undir spilliefni var ábótavant.

## UMFANG EFTIRLITS

Í síðasta eftirlit kom fram frávik er varðar blý í frárennsli. Mælingar á árinu 2012 sýna að magn blýs, kopars, zink og olíu hefur í lækkað og er komið undir mengunarmörk sem gefin eru í starfsleyfi. Farið var yfir söfnun og flokkun á raf- og rafeindatækjum og skráningu á magni þeirra eftir flokkum. Einnig var meðhöndlun og förgun á kælimiðlum, sem og kæli- og þenslumiðlum frá kælitækjum. Meðhöndlun á olíusíum skoðuð. Aðstæður á athafnasvæði rekstraraðila voru skoðaðar, m.a. skemmur þar sem úrvinnsla á spilliefnum og raftækjum fer fram. Farið var skráningar skv. grein 3.1 í starfsleyfi og heildamagn móttekinna spilliefna sem er innan marka starfsleyfis. Farið var yfir teikningar af athafnasvæði og frárennsli og fyrirhugaðar breytingar og úrbætur á fyrirkomulagi kynntar.

Nokkuð var um að ílát undir spilliefni væru ekki merkt með viðeigandi hætti. Á umbúðunum skulu a.m.k. koma fram upplýsingar um hættulega eiginleika, efnaflokka og magn úrgangsins. Fram kom í eftirliti að búið væri að prenta út límmiða til að merkja ílát. Frágangi er þó ekki endanlega lokið.

Rekstraaðili kynnti innra net fyrirtækisins og ferla og fram kom að umhverfisstjórnunarkefi fyrir fyrirtækið yrði vottað árið 2013.

Eftirlitsaðilar fóru fram á að gögn og mæliniðurstöður frá rekstraraðila séu send Umhverfisstofnun á netfangið [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is) með afriti á eftirlitsmann.

### Frávik frá

Gr. 8.1 í reglugerð 806/1999 en þar segir: 8.1 Umbúðir spilliefna skal merkja á viðeigandi hátt. Á umbúðunum skulu a.m.k. koma fram upplýsingar um hættulega eiginleika, efnaflokka og magn úrgangsins.

### Lýsing á frávik

Nokkuð var um að ílát undir spilliefni væru ekki merkt með viðeigandi hætti. Fram kom í eftirliti að búið væri að prenta út límmiða til að merkja ílát.

### ANNAÐ

Samráðsfundur var haldinn þann 23.02.2012, en þeir skulu haldnir á fjögurra ára fresti.

Reykjavík, 11.02.2013

bis. 1

Valur Klemensson

Valur Klemensson

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.